

21. maí 2021

VIÐSNÚNINGUR HJÁ ARKITEKTASTOFUM


Af niðurstöðum könnunar sem gerð var meðal aðildarfyrirtækja innan Samtaka arkitektastofa, SAMARK, má greina viðsnúning í rekstri. Eftir samdráttartímabil virðist nú vera vöxtur framundan. Verkefnum og starfsfólki er að fjölga og stór hluti stjórnenda telur að hagnaður stofanna verði meiri á þessu ári en í fyrra.

Þegar rýnt er í veltu í starfsemi arkitekta má sjá að vöxtur mælist á fyrstu 2 mánuðum þessa árs í fyrsta sinn í tvö ár. Frá upphafi árs 2019 hefur verið samfelldur samdráttur í veltu arkitekta en nú á fyrstu tveimur mánuðum ársins 2021 mælist aukning upp á 18% samanborið við sama tíma í fyrra. Styður þetta við niðurstöður könnunarinnar um að umsvif séu að aukast og að staða greinarinnar sé að færast í betra horf eftir erfiða tíma. Einnig er þetta vorboði fyrir byggingariðnaðinn í það heila en upphaf niðursveiflu og uppsveiflu í greininni má oft ráða af þróun umsvifa hjá arkitektastofum vegna þess hversu framarlega verkefni þeirra eru í byggingaferlinu.

Þrátt fyrir þann vöxt sem nú greinist er umfang starfseminnar lítið m.v. það sem það var fyrir niðursveifluna. Ýmis kerfislæg vandamál eru til staðar sem hægja á viðsnúningnum. Núverandi starfsumhverfi byggingarmála er óskilvirkt og óhófleg reglubyrðni eykur flækjustig og hægir á uppbyggingu. Ferlið frá teikningu að lokafrágangi er allt of tímafrekt.

Velta í starfsemi arkitekta


Breyting frá sömu mánuðum árinu áður, %




Heimild: Hagstofa Íslands

Í könnuninni kemur fram að enginn svarenda telur að starfsfólki komi til með að fækka á næstunni en 53% segja að þeim muni fjölga. Þá segja 47% að fjöldi starfsmanna muni standa í stað á næstu mánuðum. Það er umtalsverð breyting frá því sem verið hefur síðustu mánuði en stjórnendur arkitektastofa voru einnig beðnir um að svara því hvort starfsmönnum hafi fjölgað eða fækkað á liðnum mánuðum. Tæplega helmingur, eða 47%, svara því að starfsfólki hafi fjölgað á síðustu mánuðum, 29% segja að starfsmannafjöldi hafi staðið í stað og fjórðungur segja hann hafa dregist saman. Gefur þetta góð fyrirheit, að starfsfólki sé farið að fjölga á ný og stjórnendur arkitektastofanna sjái fram á betri tíð í rekstri sinna fyrirtækja.

Hefur starfsmönnum fjölgað eða fækkað síðustu mánuði?




Hvað af eftirfarandi á líklega við á næstu mánuðum?




Svarendur voru beðnir um að leggja mat á þeirra upplifun á stöðunni á markaðnum í dag. Mikill meirihluti segir að verkefnum hafi fjölgað undanfarið eða 71% svarenda. Aðeins 6% svara því að verkefnum hafi fækkað sem eru jákvæð tíðindi. Þá segja 23% að staðan hafi lítið sem ekkert breyst og verkefnum hvorki fjölgað né fækkað

Hvert eftirfarandi lýsir upplifun þinni á stöðunni á markaðnum í dag?




Telur þú að hagnaður fyrirtækisins árið 2021 sem hlutfall af veltu verði meiri eða minni en árið 2020?



Stjórnendur stofanna voru einnig spurðir hvort þeir telji að hagnaður fyrirtækisins sem hlutfall af veltu verði meiri eða minni en árið 2020. Yfir helmingur svarenda telur að hagnaður muni aukast á milli ára. Um 12% þeirra áætla að hagnaður 2021 verði talsvert meiri en árið áður og 41% að hann verði meiri. Um 35% svarenda segja að hagnaður á milli ára muni standa í stað og verði hvorki meiri né minni. Aðeins 12% telja að hagnaður muni dragast saman og þá var enginn sem svarar því að hagnaður stofunnar muni dragast talsvert saman á milli ára.


Hefur stofan borið sig eftir verkefnum erlendis á þessu ári?



Kannað var hvort stofurnar hefðu borið sig eftir verkefnum erlendis á þessu ári. Stærstur hluti svarar því neitandi eða 88% og því aðeins 12% játandi. Þá voru stjórnendur einnig beðnir að leggja mat á það hvernig hlutfall veltu vegna verkefna erlendis muni þróast á næstu 6 mánuðum. Aðeins 6% segja að hlutfallið muni hækka á næstu 6 mánuðum en 94% að hlutfallið haldist óbreytt.

Í lokin voru stjórnendur spurðir hvort þeir teldu að COVID-19 muni hafa varanlegar afleiðingar á vinnuumhverfið í þeirra fyrirtæki og þá hverjar. Nær allir svara því að fundahald komi til með að vera rafrænt í auknum mæli eða 94%. Ríflega helmingur, 53%, svara því að starfsstöðin muni breytast með aukinn sveigjanleika fyrir starfsfólk í huga og 35% segja að starfsfólk muni vinna í auknum mæli heima fyrir.

Telur þú að Covid-19 muni hafa varanlegar afleiðingar á vinnuumhverfið í þínu fyrirtæki? Ef já, þá hverjar? Merktu við allt sem við á.



Könnunin var gerð á meðal stjórnenda aðildarfyrirtækja SAMARK dagana 10. til 29. apríl síðastliðinn. Úrtakið taldi 26 félagsmenn og bárust 17 svör.